

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Egilsstaðir, 16.8.2024
UST202401-269/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. júlí 2024 - Matorka ehf., Hrauni, ID 219

Þann 10. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Matorku ehf., Hrauni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávík var opið þegar eftirlitið fór fram:

- Krafa er um hreinsun frárennslisvatns.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávík og skv. henni verður því lokið þann 31. desember 2024.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

- Endurskoða þarf vöktunaráætlun rekstraraðila.
- Áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennslis er ekki til staðar.
- Koma þarf fyrir árekstravörnum við olíugeyma rekstraraðila.
- Hindra þarf aðgang fugla að útrás stöðvarinnar og að þeir hafist við, eða taki sér bólfestu, á athafnasvæðum rekstraraðila.

Þrjú frávík komu fram er varða:

- Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma.
Grænu bókhaldi var skilað 22. maí 2024 og er frávíkinu því lokað.
- Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Ársyfirliti var skilað 12. júlí 2024 og er frávíkinu því lokað.
- Gr. 4.5 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. september 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur